

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2016

**Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar.
Þingskjal 505 – 372. mál.**

Almennt um tillöguna

Í stefnu Bandalags háskólanna (BHM) segir að atgervisflótti háskólamenntaðra af íslenskum vinnumarkaði sé viðvarandi ógn og ítrustu árvekni skuli gæta til að forðast hann. BHM fagnar því öllum aðgerðum stjórnvalda til að bæta stöðu háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði. Efling nýfjárfestingar í íslensku atvinnulífi og samkeppnishæfni Íslands á sviði nýfjárfestinga er mikilvægur liður í því.


Heildarumgjörð háskólamenntaðra á vinnumarkaði

Í annarri grein athugasemda með tillögunni segir meðal annars að laða þurfi að vel menntað starfsfólk sem sækist eftir krefjandi og vel launuðum störfum. BHM bendir á að vinnumarkaður háskólamenntaðra er ein heild og því er mikilvægt að menntun sé metin til launa á öllum vinnumarkaði. Menntun er málefnaleg breyta þegar kemur að launamun og á stjórnvöldum hvílir rík skylda að stuðla að umhverfi sem gerir menntun sem fýsilegasta.

Í sögulegu samhengi hefur hagvöxtur á Íslandi að miklu leyti verið drifinn áfram af aukinni nýtingu náttúruauðlinda. Ljóst er að samkeppnishæfum lífsskilyrðum verður ekki haldið uppi á Íslandi til langframa á nýtingu takmarkaðra auðlinda. Einnig er ljóst að aukin menntun er einn af lykilþáttum þess að auka framleiðni í hagkerfinu hérlendis.

Í sjöttu grein athugasemda með tillögunni segir að nýfjárfestingar eigi að efla atvinnulíf sem boðið geti eftirsóknarverð störf fyrir vel menntað fólk og laun og kjör á borð við það sem best gerist í nágrannalöndunum. BHM hefur ítrekað bent á að gæta þurfi betur að samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að störfum háskólamenntaðra. Gögn Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD sýna að launamunur ófaglærðra og háskólamenntaðra er óvíða minni en hérlendis. Um leið og því er fagnað að stjórnvöld hyggist fjölga eftirsóknarverðum störfum með eflingu nýfjárfestinga verður ekki hjá því komist að hvetja stjórnvöld til að grípa til aðgerða til að bæta samkeppnishæfni núverandi starfa fyrir háskólamenntaða á vinnumarkaði.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir

formaður BHM